



Súðavíkurhreppur

Súðavíkurhreppur

Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Landfylling inn af Langeyri í Álftafirði.

Leyfishafi:

Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589
Grundarstræti 3
420 Súðavík

Leyfisveitandi:

Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589
Grundarstræti 3
420 Súðavík

Eftirlitsaðili framkvæmda:

Vegagerðin, kt. 680269-2899

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Undirritaður f.h. Súðavíkurhrepps veitir hér með Súðavíkurhrepp framkvæmdaleyfi fyrir „Landfyllingu inn af Langeyri“.

Súðavíkurhrepp, kt. 630269-4589 er heimilt að framkvæma vinnu við landfyllingu á um 350 m löngum kafla og um 70 m breiðum inn af Langeyri í landi Súðavíkurhrepps Álftafirði.

Staðsetningar og helstu verkþættir:

Landfyllingin er frá fjöruborði og um 70 metra breið, lengd hennar er um 350 metrar. Auk þess er heimild fyrir landfyllingu fyrir setþró sem er um 15 metra breið og 45 metra löng. Verklok fyrir verkið í heild er í september 2022.

Stutt lýsing framkvæmdar:

Markmið framkvæmdanna er útbúa 32.000 fermetra lóð fyrir kalkþörungaverksmiðju sem hyggst vinna þar allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á ári. Áætlað er að efni í landfyllinguna komi frá dýpkun Sundahafnar í Ísafjarðarbæ.

Efnisþörf í verkið er 230.000 rúmmetrar.

Landfyllingin er í samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030, og deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri samþykkt í sveitarstjórn 17.04.2020. Framkvæmdin er ekki háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Fyrir liggur:

- Umsögn Minjastofnunar Íslands.
- Skýrsla um umhverfisathuganir í Álftafirði, rannsóknir í tengslum við fyrirhugaða landfyllingu og kalkþörungaverksmiðju á Langeyri, nóvember 2021 unnin af Náttúrustofu Vestfjarða.
- Fornleifarannsókn vegna tilvonandi framkvæmda við Langeyri í Álftafirði, Ragnar Evarðsson, júní 2021.

Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið.

Fyrirliggjandi gögn:



Súðavíkurbreppur

- Umsókn, dags. 30. nóvember 2021, sem felur í sér framkvæmdalýsingu og efnistökuáætlun.
- Deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri. Greinargerð, umhverfisskýrsla og deiliskipulagsuppráttur.

Gildistími framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi við útgáfu þess 13. desember 2021 og fellur úr gildi 13. desember 2022. Ef framkvæmdum lýkur fyrr fellur það sjálfkrafa samstundis úr gildi.

Fyrir hönd Súðavíkurbrepps kt. 630269-4589:

Súðavík, 13. desember 2021

Jóhann Birkir Helgason
Skipulags- og byggingarfulltrúi